# Ljósvistarstefna Reykjavíkur

**Umhverfis- og skipulagsráð**

Kynning – Stefna og aðgerðaráætlun

Reykjavík

**Borgarlýsing er samheiti yfir alla útilýsingu í borgarumhverfi, þar á meðal götu- og stígalýsingu, lýsingu á opnum svæðum, skólalóðum, íþróttasvæðum, bílastæðum, kennileitum, listaverkum og í undirgöngum, sem og flóðlýsingu á mannvirki.**

Reykjavík

Ljósvistarstefna
Reykjvavíkur



Reykjavík

# Ferli og þróun

**Ljósvistarstefna Reykjavíkurborgar - Drög 2022**

- Fyrstu heildardrög að Ljósvistarstefnu Reykjavíkurborgar voru unnin á grunni vinnu stýrihóps og vinnuhópa innan USK.
- Drögin lögðu áherslu á lýsingu sem fagurfræðilegt og tæknilegt viðfangsefni og var að hluta til leiðbeiningar um hvernig vinna ætti eftir stefnunni.

Reykjavík

Reykjavík

# Ljósvistarstefna Reykjavíkur



## Ferli og þróun

**Kynning á drögum, umsagnir og úrvinnsla**

- Verkefnið tekið upp aftur innan Umhverfis- og skipulagssviðs.
- Verkefnastofa fengin til að samræma ferlið, kynningar og samráð.

Reykjavík



# Ferli og þróun

**Samráð og samhæfing**

- Kynning á drögum fyrir íbúaráðum og opnun samráðsgáttar Reykjavíkurborgar í október 2024.
- Alls bárust fimm umsagnir frá íbúaráðum og Arkitektafélagi Íslands.
- Haldið var víðtækt samráð og vinnustofa með 35 hagaðilum þar sem fram komu fjölbreyttar og gagnlegar ábendingar.

Reykjavík

## Stefna eða leiðbeiningar?

Skilgreina betur hvort stefnan væri leiðbeiningarrit/kennsluefni eða stefnumótandi skjal.

## Dagsbirta

Skilmerkilegri útskýringar að stefnan fjallaði um rafræna lýsingu (borgarlýsingu) en ekki um hlutverk dagsbirtu í byggðu umhverfi.

## Myrkurgæði

Rætt um mikilvægi þess að gera þessum málaflokki hátt undir höfði.

## Aðgerðaráætlun

Kallað var eftir því að settar yrðu fram aðgerðir sem tryggðu að markmið stefnunnar næðust.

Reykjavík



# Ferli og þróun

**Endurskoðun og þróun stefnunnar**

- Í kjölfar samráðs var stefnan tekin í yfirhalningu.
- Fjarlægð voru leiðbeininga- og kennsluþættir, og áhersla lögð á stefnumótandi og framkvæmanlegan ramma.
- Texti einfaldaður, hlutverk skýrð og bætt við aðgerðaráætlun til 2030 með ábyrgð, mælikvörðum og tímasetningum

Reykjavík

# Leiðbeiningar



Lýsing gefur fólki aukna stjórn yfir aðstæðum sínum með því að auðvelda þeim að sjá lengra og breikka sýn þess á umhverfið. Þrátt fyrir það er mikilvægt að skilgreina myrkursvæði á ákveðnum svæðum og vernda þau. Hannað umhverfi þarf að styrkja jákvæða ímynd borgarumhverfisins ásamt því að skapa öryggistilfinningu. Það er því mikilvægt er að hanna umhverfið á heildrænan hátt til að draga úr glæpum, skemmdarverkum og til að bæta öryggi.




Mynd 4: Göngustígur á Klambratúni

### 1. SÝNILEGT SVÆÐI UTAN STÍGSINS

Lýsingin dreifist út fyrir stíginn svo að vegfarendur skynji umhverfið betur.

### 2. GÓÐUR SÝNILEIKI LEIÐAR

Jafnleiki og hlýtt litarhitastig þykir vera mikilvægt þegar kemur að öryggistilfinningu vegfarenda en ójöfn lýsing og gamlir lampar vekja óþæginlega tilfinningu hjá vegfarendum.

### 3. ANDLITSGREINING

Á ákveðnum svæðum er mikilvægt að vegfarendur geti greint andlit vegfarenda. Á afskekktum svæðum finnst vegfarendum mikilvægt að sjá manneskjuna sem gengur á móti þeim.

### 4. SVÆÐIÐ

Taka skal til og greina tegund svæðisins og vilja vegfarenda, frekar að lýst séu upp einstök atriði svæðisins frekar en að allt svæðið sé lýst upp.

1. Tülay Schakir, Heli Nikunen, Hille Koskela. 2013





## Lýsingarflokkun gatna og stíga

Götur Reykjavíkur eru flokkaðar eftir M og P flokkun samkvæmt Evrópustaðlaröðinni ÍST EN_13201 í lýsingarflokkun gatna og stíga. Þó hafa kröfur um jafnleika eða minnstu birtu í P-flokkun verið tvöfaldaðar ef um nýframkvæmdir eða endurnýjun er að ræða.

**P** (Pedestrian and low speed area) Götur og stígar þar sem gangandi- og hjólandi vegfarendur eru settir í forgang og umferðarhraði er minni en 40km/klst.



**M** (Motorized traffic) Götur þar sem umferð bíla er í meirihluta og hámarkshraði er 40 km/klst eða hærri.



**C** (Conflict area) Svæði eins og hringtorg, gatnamót, aðreinar og fleira sem eru með hærra flækjustig en sjálf gatan.



Götur með 40 km/klst hámarkshraða eða meira eru allar flokkaðar í M flokk og götur með lægri hámarkshraða eru flokkaðar í P flokk. Beita skal C-flokkun (conflict area) við hringtorg, gatnamót, aðreinar og þar sem aukinnar lýsingar er krafist s.s. við þveranir gangandi og hjólandi ef ekki er notuð sérstök gangbrautarlýsing.

| EN 13201 | L m | EN 13201 | E m | EN 13201 | E m | E min |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Flokkur M** | Meðalljómi cd/m² | **Flokkur C** | Meðalbirta | **Flokkur P** | Meðalbirta | Minnsta birta Kröfur Rvk. |
| | | C0 | 50 | | | |
| M1 | 2 | C1 | 30 | | | |
| M2 | 1,5 | C2 | 20 | | | |
| M3 | 1 | C3 | 15 | P1 | 15 | 6 |
| M4 | 0,75 | C4 | 10 | P2 | 10 | 4 |
| M5 | 0,5 | C5 | 7,5 | P3 | 7,5 | 3 |
| M6 | 0,3 | | | P4 | 5 | 2 |
| | | | | P5 | 3 | 1,2 |
| | | | | P6 | 2 | 0,8 |

Flokkun skv. ÍST EN_13201-2





## Íbúðarbyggð

Íbúðarbyggð eða íbúðahverfi eru þau svæði sem standa borgarbúum hvað næst og taka þau upp stærstan hluta borgarlandsins. Í Reykjavíkurborg finnast fjölbreytt íbúðahverfi með mismunandi tegundum íbúðarhúsnæðis.

Öll hverfi Reykjavíkur búa yfir ákveðnum staðaranda sem einkennir hverfið. Þá búa hverfin meðal annars yfir fjölbreyttum byggingarstíl, skipulagi, gróðri og fleira sem setur sinn svip á hverfið og veitir því ákveðinn karakter. Notkun íbúðahverfa er fjölbreytt. Vegfarendur ferðast til og frá híbýlum sínum um þar til gerða stíga og vegi, þeir dvelja á svæðum sem skapast milli húsa og staldra við á götuhornum svo fátt eitt sé nefnt.

### LEIÐARLJÓS

- Setja íbúa hverfisins í forgang með hönnun.
- Stuðla að félagslegum samskiptum íbúa og vegfarenda.
- Skapa persónulegt andrúmsloft á manneskjulegum skala.
- Draga fram einkenni og aðgreiningu í umhverfinu.
- Styrkja tengingar milli svæða.
- Skilgreina og leggja áherslu á rýmismyndandi svæði.
- Draga úr ljósmengun.

### LÝSINGARKRÖFUR

- Forðast skal sjóndeyfiglýju með því að velja lampa með ljósstyrk að hámarki G4 skv. töflu A.1 í Evrópustaðli ÍST EN13201-2.
- Uppfylla skal glýjustuðulinn D6 þar sem byggð er mjög þétt og íbúðahúsnæði er mjög nálægt lömpum og hindra skal að ljósið fari inn í híbýli fólks.

### ÖRYGGI

- Mælt er með því að lýsa upp gróður og önnur myrk svæði sem geta haft áhrif á öryggistilfinningu vegfarenda.

### UPPLIFUN

- Mælt er með því að ljósvistin dragi fram einkenni svæðisins með því að undirstrika hluti og svæði eins og götugögn, gróður, kennileiti og fleira.



Mynd 18: Einkenni Grjótaþorps dregin fram með lampavali



Reykjavík







# Ferli og þróun

## Lokagerð og framsetning 2025

- Vinna við umbrot og framsetningu í samstarfi við Hvíta húsið.
- Lagt til að lokaútgáfa verði gefin út sem „Ljósvistarstefna Reykjavíkurborgar 2025–2030“, sem skal gilda sem stefna borgarinnar í málaflokknum Borgarlýsing.

Reykjavík



# MEGINMARKMIÐ OG MARKMIÐ

Reykjavík

1 AÐ REYKJAVÍK SÉ BORG FYRIR FÓLK

2 AÐ REYKJAVÍK SÉ LÍFLEG OG SKAPANDI BORG

3 AÐ REYKJAVÍK SÉ GRÆN OG SJÁLFBÆR BORG

4 AÐ REYKJAVÍK STUÐLI AÐ GÆÐUM Í HINU BYGGÐA UMHVERFI

## 1 AÐ REYKJAVÍK SÉ BORG FYRIR FÓLK

**Markmið**
Borgarlýsing stuðlar að **öryggi, aðgengi** og **heilbrigði.**

## 2 AÐ REYKJAVÍK SÉ LÍFLEG OG SKAPANDI BORG

**Markmið**
Borgarlýsing dregur fram **menningarlega** sérstöðu Reykjavíkur og skapar **félagslega** samheldni.

## 3 AÐ REYKJAVÍK SÉ GRÆN OG SJÁLFBÆR BORG

**Markmið**
Borgarlýsing er mikilvægur þáttur í **grænum** áherslum borgarinnar.

## 4 AÐ REYKJAVÍK STUÐLI AÐ GÆÐUM Í HINU BYGGÐA UMHVERFI

**Markmið**
Borgarlýsing nýtir **nýsköpun** og **tækni** til að bæta gæði borgarlýsingar.



Reykjavík



# Takk fyrir

Reykjavík